

Aðalfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 29. ágúst 2025, í Hnyðju, Hólmavík

Mætt: Sigurður Marinó Þorvaldsson, framkvæmdastjóri, Finnur Ólafsson og Þorgeir Pálsson stjórnarmenn. Sigríður Jónsdóttir boðar forföll.

Framkvæmdastjóri setti fundinn kl 14.00 og bauð fundarmenn velkomna. Framkvæmdastjóri kannaði lögmæti fundarins. Engar athugasemdir.

Dagskrá og umræða fundarins er eftirfarandi

1. Kjör fundarstjóra og ritara

Framkvæmdastjóri leggur til að hann stýri fundi og að Þorgeir Pálsson riti fundargerð. Hvoru tveggja samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri las upp skýrslu framkvæmdastjóra og stjórnar. Til viðbótar því sem fram kemur þar, má nefna að Kaldrananeshreppur bætti aðstöðu utan um grendarstöðina á Drangnesi, með malbikuðu undirlagi.

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdastjóra samþykkt samhljóða.

3. Staðfesting ársreiknings

Framkvæmdastjóri gaf stjórnarformanni orðið. Formaður rakti helstu tölur. Nefndi hann sérstaklega framsetningu á launakostnaði.

Finnur lagði til að rekstrartekjum yrði næst skipt upp í a) þjónustutekjur við sveitarfélög og b) önnur sala á þjónustu. Fundarmenn voru sammála að þessi breyting myndi sýna betur raunverulegan kostnað sveitarfélagana við aðild að Sorpsamlaginu og þá um leið raunverulegar tekjur af útseldri vinnu. Einnig var umræða um liðinn „annar rekstrarkostnaður“, en þar inni eru greiðslur til eignasjóðs Strandabyggðar sem laun starfsmanna. Verður þetta skoðað með endurskoðendum félagsins svo gleggri sýn fái á ársreikninginn og rekstur félagsins.

Bent er á að í kaflanum „sundurliðanir“ er enn inni kostnaður vegna vinnufatnaðar, sem í raun ætti að tilheyra kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu af eignasjóði Strandabyggðar.

Framkvæmdastjóri bar því næst ársreikninginn undir fundinn sem staðfesti ársreikninginn með framkomnum ábendingum.

4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar/taps

Framkvæmdastjóri leggur til að hagnaður verði færður á óráðstafað eigið fé.

Samþykkt samhljóða.

5. Kjör stjórnar og endurskoðanda félagsins

Tillaga stjórnar er óbreytt stjórn. Samþykkt samhljóða. Fram kom að mikilvægt er að fulltrúi Árneshrepps komi inn á fundi félagsins.

Framkvæmdastjóri lagði til að KPMG yrði áfram endurskoðandi félagsins. Samþykkt samhljóða.

6. Gjaldskrár félagsins

Framkvæmdastjóri lagði til að umræðan verði tekin í tengslum við áætlanagerð 2026. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

a. Framfylgd laga um sorphirðu í þéttbýli.

Framkvæmdastjóri vísaði umræðu um þetta til hvers sveitarfélags, en Sorpsamlagið mun áfram vinna samkvæmt beiðni aðildarsveitarfélaganna.

b. Breyting á opnunartíma móttökueiningar á Skeiði

Fram kom ábending um breytingu á textanum, því hér er um að ræða breytingu á opnunartíma utan hefðbundins opnunartíma. Eins er þarna um að ræða úrgang sem ekki telst til hins almenna úrgangs sem lögbundin sorphirða nær yfir.

c. Helstu verkefni framundan.

Unnið er að lokun móttökustöðvar á Skeiði og upptaka gjaldheimtu utan vinnutíma, sbr lið b hér framar.

Fleira ekki rætt. Ritara falið að klára fundargerð í samráði við framkvæmdastjóra og senda fundargerðina til rafrænnar undirskriftar.

Fundi slitið kl 14:44.

Þorgeir Pálsson, fundarritari.